

Tillaga

Viðtakandi: Fræðslunefnd Mosfellsbæjar

Efni: Tillaga um breytingu

Dags: 5. mars 2023

Málsnúmer: 202301099/0.2

Sendandi: Gunnhildur María Sæmundsdóttir, leikskólafulltrúi

Tillaga:

Lagt er til við fræðslunefnd að eftirfarandi reglum verði breytt:

- Innritunarreglur leikskóla
- Samþykkt um niðurgreiðslu leikskólagjalda
- Samþykkt um niðurgreiðslu á vistunarkostnaði

Greinargerð:

Breytingarnar eru fyrst og fremst gerðar til að samræma og uppfæra í takt núverandi fyrirkomulag.

Helstu breytingarnar eru:

- Innritunarreglur leikskóla
 - Í stað tveggja reglna sem nú eru, annars vegar „úthlutunarreglur leikskólapláss í Mosfellsbæ“ og „úthlutunarreglur pláss í ungbarnaþjónustu í leikskólum Mosfellsbæjar“ verði einungis einar reglur sem lýsi vel innritunarferli í leikskóla Mosfellsbæjar
- Samþykkt um niðurgreiðslu leikskólagjalda
 - Hér er systkinaafsláttur leiðréttur í samræmi við reglur um systkinaafslátt og sett inn möguleiki á sveigjanlegum vistunartíma
- Samþykkt um niðurgreiðslu á vistunarkostnaði
 - Hér er um að ræða leiðréttingu á reglum í samræmi við breytingar á gjaldskrá sem breyttist í 12 mánaða í stað 13 mánaða og breytingu á orlofstíma í stað 15. ágúst kemur 31. ágúst

Virðingarfyllt,

Gunnhildur María Sæmundsdóttir

framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

Fylgiskjal:

- Gildandi reglur og tillögur að nýjum reglum